

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

Starfsáætlun Klettaborgar

2012-2013

Mat á starfinu

2011-2012



Júlí 2012
Lilja Eypórsdóttir
leikskólastjóri

Leikskólinn Klettaborg
Dyrhamrar 5, 112 R.
s. 567-5970
klettaborg.is

Efnisyfirlit

1	Starfsáætlun 2012-2013	3
1.1	Áherslur leikskólans – ýmiss verkefni	3
1.2	Áherslur leikskólans v/starfsáætlun skóla- og frístundasviðs	3
1.3	Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðu mats 2011-2012	4
1.4	Mat á leikskólastarfi.....	4
1.5	Matsáætlun 2012-2013	5
1.6	Starfsmenn – starfspróun	5
1.7	Barnahópurinn.....	6
1.8	Foreldrasamvinna	6
1.9	Samstarf leik- og grunnskóla	6
1.10	Dagatal leikskólans	6
2	Mat á síðasta ári, 2011-2012	9
2.1	Yfirlit yfir leikskólaárið 2011-2012	9
2.2	Mat á leikskólastarfi - matskýrsla	10
2.2.1	Matsaðferðir Klettborgar	10
2.2.2	Áherslur leikskólans – ýmiss verkefni.....	10
2.2.3	Áherslur leikskólans v/starfsáætlun Leikskólasviðs	11
2.2.4	Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðu mats 2010-2011	12
2.2.5	Matsáætlun 2011-2012	14
2.2.6	Starfsmenn – starfspróun.....	14
2.2.7	Barnahópurinn	15
2.2.8	Foreldrasamvinna.....	16
2.2.9	Samstarf leik- og grunnskóla	16
2.2.10	Dagatal leikskólans	16
3	Fylgiskjöl.....	18
3.1	Umsögn foreldraráðs	18
3.2	Matsáætlun til 5 ára	18
3.3	Ecers niðurstöður.....	18
3.4	Foreldrakönnun	18

1 Starfsáætlun 2012-2013

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir Aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Skólanámskráin á að vera aðgengileg á heimasíðu leikskólans. (Texti frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur).

Í starfsáætlun Klettaborgar hefur verið lögð áhersla á ýmiss verkefni sem kennarar og aðrir starfsmenn hafa haft hug á að rýna betur í til betra skólastarfs. Það eru m.a. ný verkefni sem verið er að innleiða og festa í sessi og verkefni sem verið er að meta til þess að sjá hvernig þau eru í raun. Mörg þessara verkefna eru í starfsáætlun lengur en eitt ár, ýmist vegna þess að það tekur lengri tíma en veturinn að innleiða þau eða/og þau taka einhverjum breytingum í þróunarvinnu leikskólans. Í starfsáætlun fyrir árið 2012-2013 verða mörg verkefni áfram frá fyrra ári.

Ný aðalnámskrá leikskóla var gefin út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu í febrúar 2012. Leikskóla ber að útfæra stefnu aðalnámskrár í skólanámskrá sína, í samræmi við stefnu á hverjum stað, barnahóp og faglegar áherslur. Fyrirhugað er að ráðuneytið gefi út þemahefti til stuðnings fyrir leikskóla í sinni skólanámskrágerð. Ný skólanámskrá verður helsta verkefni leikskólans næstu 3 árin. Á þessu ári verða fyrstu skrefin tekin og munu allir starfsmenn koma að þeirri vinnu á einhvern hátt.

1.1 Áherslur leikskólans – ýmiss verkefni

Fræðsluverkefni fyrir áramót.

- Fræðsluverkefni allra deilda frá september til desember.
- Eldri deildir vinna með vináttu og yngri deildir vinna með dýr.
- Unnið verður með könnunaraðferðinni og verkefnið tekur mið af áhugasviði barnanna og þeirra hugmyndum.

Dagskipulag – ýmsir þættir s.s. lundvakt, deildarfundir, móttaka að morgni/morgunmatur/leiktíminn, kaffitímar starfsmanna.

- Rýnt verður í ofantalda þætti og hugað að lagfæringum í dagskipulaginu þar sem þess er þörf.

Undirbúningstími deildarstjóra og starfsmanna sem eiga kjarabundinn undirbúningstíma.

- Deildarstjóri skipuleggur og skráir undirbúningstíma sem tilheyrir deildinni.
- Deildarstjóri upplýsir leikskólastjóra um nýtingu undirbúningstíma.

1.2 Áherslur leikskólans v/starfsáætlun skóla- og frístundasviðs

Mat á skólastarfinu – sýn barna.

- Elstu börnin taki þátt í að meta leikskólastarfið.
- Útbúinn spurningalisti um ákveðna þætti í leikskólastarfinu.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

- Barnasáttmálinn, eða hluti af honum, tengdur við leikskólastarfið.
- Unnið úr fræðslu og hugarflugi Sáttmálans frá síðasta vetri.

Náttúrusvæði í nágrenni leikskólans.

- Náttúrusvæðið Óðal í nágrenni leikskólans kynnt betur fyrir börnum og foreldrum.
- Deildarstjórar gera áætlun um heimsóknir á svæðið.

1.3 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðu mats 2011-2012

Sjá matsskýrslu í kafla 2

Jákvæð og glaðleg samskipti:

- Skrá jákvæð og glaðleg samskipti tvö tímabil fyrir áramót og tvö tímabil eftir áramót.
- Hver starfsmaður skráir fyrir sig. Farið yfir skráningar á deildarfundum.

Fræðslustarf leikskólans:

- Markmið að fræðslustarfið og áherslur verði aðgengilegt fyrir starfsfólk og samræmi verði á milli deilda, en hver deild hefur sínar útfærslur í framkvæmd.
- Með því að setja inn sýnishorn af ýmsum verkefnum og áherslum í sérstaka handbók um fræðslustarf leikskólans, sambærilegt og gagnabanki.

Heimasíðan:

- Markmið að auka upplýsingar um starf leikskólans til foreldra.
- Með því að setja inn fréttir/myndir frá hverri deild a.m.k. tvisvar í mánuði.
- Deildarstjórar senda tölvupóst til foreldra.
- Að upplýsingar úr skóladagatali séu uppfærðar á forsíðu fyrir hvern viðburð.
- Skoða heimasíðuna um áramótin og um vorið. Telja fréttir og tölvupósta frá deildum og athuga hvort viðburðir hafi verið kynntir á forsíðu.

1.4 Mat á leikskólastarfi

Leikskólar skulu samkvæmt lögum, reglugerð og aðalnámskrá gera mat á skólastarfinu. Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara. Markmið innra mats samkvæmt lögum er m.a.:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks og foreldra
- tryggja að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðar og aðalnámskrá
- auka gæði náms og stuðla að umbótum
- tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. (Texti frá Leikskólasviði Reykjavíkur).

Matsaðferðir Klettaborgar eru bæði formlegar og óformlegar. Mat á starfinu fer fram yfir allt skólaárið.

Formlegt mat:

- þar er stuðst m.a. við athuganir, skráningar, kannanir, útfyllingu lista og þroskapróf.

Óformlegt mat:

- það fer fram m.a. í umræðuformi og viðtölum.

1.5 Matsáætlun 2012-2013

Haustið 2012 verða eftirfarandi þættir úr aðal-skólanámskrá skilgreindir og settir í matsferli samkv. matshring.

Leikur og viðfangsefni

- Í aðalnámskrá leikskóla er leikurinn þungamiðja leikskólastarfsins.
- Stuðst verður við ECERS kvarðann til að finna viðmið.

Tafla yfir matsþætti, tímasetningu, fyrirkomulag og ábyrgðaraðila:

Matsþáttur	Hverjir meta	Gögn	Ábyrgð	Tími
Leikur og viðfangsefni	Allir starfsmenn	Ecers-kvarði	Matsteymi	Október
Undirbúningstími deildarstjóra	Deildarstjórar	Skráning	Deildarstjórar	Nóvember og febrúar
Foreldraráð fylgist með starfinu	Foreldraráð		Foreldraráð	
Dagskipulagið – ýmsir þættir	Allir starfsmenn	Umræða, skráning	Deildarstjórar	Nóvember, Mars
Mat barna á skólastarfinu	Börn - deildarstjórar	Spurningalisti	Deildarstjórar og matsteymi	Febrúar - mars
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	Allir starfsmenn	Frá síðasta vetri	Leikskólastjóri	Mars - apríl
Náttúrusvæði í nágrenni leikskólans	Deildarstjórar	Skráning á ferðum	Aðstoðar-leikskólastjóri	Apríl
v/umbótaáætlun				
Jákvæð og glaðleg samskipti	Allir starfsmenn	Skráning fjögur tímabil	Matsteymi og deildarstjórar	Tvisvar fyrir áramót og eftir áramót
Fræðslustarf leikskólans	Faghópurinn	Fræðslumappa	Aðst. leik.stj.	Maí
Heimasíðan	Deildarstjórar	Skráning	Deildarstjórar	Janúar og maí

1.6 Starfsmenn – starfsþróun

Starfsheiti	Fjöldi	Stöðugildi	Menntun
Leikskólakennarar	7	6,85	Leikskólakennaramenntun
Önnur háskólamenntun	3	3,0	Grunnskólakennari og Bs í sálfræði
Leikskólaliðar	2	2,0	Nám á framhaldsskólastigi
Leiðbeinandi 1 og 2	1	,80	
Starfsmaður 2	2	2,0	
Umsjón í eldhúsi	1	1,0	
Samtals	16	15,65	

Að auki er einn leikskólakennari og einn framhaldsskólakennari í fæðingarorlofi og einn grunnskólakennari í launalausum leyfi þennan vetur.

Starfsþróun byggir á áherslum Klettaborgar og áhugasviði starfsmanna. Hver starfsmaður setur sér markmið og leiðir til þess að ná þeim. Starfsviðtöl verða í september.

1.7 Barnahópurinn

Í leikskólanum er pláss fyrir um 80 börn samtímis. Í júní eru 79 börn skráð fyrir veturinn 2012-2013. Neðangreind tafla sýnir fjölda barna í árgangi, kynjahlutfall og daglega viðveru.

Dvalarstundir	2007	2008	2009	2010	2011	Alls
	Dr -- St	Dr -- St	Dr -- St	Dr -- St	Dr -- St	Dr -- St
6-9 stundir	7 - 7	17 - 8	9 - 8	7 - 4	2 - 2	33 - 38
4-5 stundir			1	1		2

Flest börn dvelja allan daginn í leikskólanum og eru 98% barnanna með dvalartíma á bilinu 6-9 tíma á dag. Deildir eru aldursblandaðar, tvær eldri deildir og tvær yngri deildir. Fjöldi barna í árgangi ræður því hvernig aldurskiptingin er á milli eldri og yngri deilda.

Í leikskólanum er eitt barn sem farið hefur í greiningu hjá Þroskamiðstöð barna, Greiningarstöð ríkisins eða í Miðgarð.

Níu börn eru af erlendum uppruna, öll með annað móðurmál en íslensku, tvö þeirra tala þrjú tungumál.

Þrjú börn eru með ofnæmi, þar af eitt með bráðaofnæmi, einnig eru nokkur börn með óþol.

1.8 Foreldrasamvinna

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, að hausti og í janúar/febrúar. Fyrir haustviðtalið fer eyðublað heim sem foreldrar eru beðnir um að fylla út og koma með hugmyndir að áherslum í einstaklingsnámskrá barnsins.

Foreldrafundir eru að hausti, sjá nánar í dagatali leikskólans. Annað hefðbundið foreldrasamstarf er t.d. opið hús, foreldrakaffi, fréttabréf og myndasýning.

Foreldraráð starfar samkv. lögum um leikskóla og gefur m.a. umsögn um starfsáætlun og námskrá.

Foreldrafélag er starfandi. Tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt. Kosið er í foreldraráðið og í stjórn foreldrafélagsins á haustfundi foreldra í leikskólanum.

1.9 Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf er við grunnskóla hverfisins þ.e. Hamraskóla. Það byrjaði formlega 1999 og hefur verið í stöðugri þróun.

Á þessu leikskólaári er stefnt að því að fara sömu leið og s.l. ár. Leikskólakennarar og grunnskólakennarar gera samstarfsáætlun fyrir veturinn. Þar verða gagnkvæmar heimsóknir elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans. Einnig hittast þau á grunnskólalóðinni um vorið og fari í útileiki saman.

Á degi ísl. tungu koma börn frá Hamraskóla (4. bekk) og lesa fyrir leikskólabörnin. Leikskólabörnin fá aðstoð frá eldri börnum Hamraskóla (6. bekk) þegar farið er í Húsdýragarðinn í desember.

Fundur er fyrir foreldra elstu barna leikskólans í Hamraskóla, það er samstarf beggja skólastjóra. Skólastjóri Hamraskóla ræðir um breytingar sem verða þegar börnin fara á milli skólastiga.

1.10 Dagatal leikskólans

Ítarlegt dagatal leikskólans er í handbók skólans og því verður það helsta dregið saman hér:

- dagatal leikskólans með viðburðum, fundum og skipulagsdögum sem snúa að foreldrum
- dagatal fyrir foreldra með yfirlit yfir viðburði fyrir hvern mánuð.

Dagatal leikskólans 2012-2013

Skipulagsdagar	Foreldrafundir Foreldraviðtöl	Foreldrakaffi Opið hús Afa og ömmu kaffi
17. ágúst '12 – allan daginn	<u>19. sept.</u> fundur foreldra barna á Hrafna- og	3. okt. – afa og ömmu kaffi
26. sept. '12 – allan daginn	Kríukletti kl. 8,30-9,15	5.-9. nóv. - myndasýning Fk.
23. nóv. '12 – allan daginn	<u>21. sept.</u> fundur foreldra barna á Fálka- og	12.-16. nóv. – myndasýning Ak.
9. jan. '13 – allan daginn	Arnarkletti kl. 8,30-9,15	25. jan. – pabbar í morgunm.
26. febr. '13 – eftir hádegi	<u>16. jan.</u> fundur foreldra elstu barnanna.	22. feb. – mömmur í morgunm.
2. apríl '13 – allan daginn	Foreldraviðtöl eru í	4.-8. mars. – myndasýning Hk.
30. maí '13 – eftir hádegi	október og jan.-mars.	11.-15. mars – myndasýning Kk. 18. apríl - opið hús síðdegis 6. júní – elstu börnin kveðja

Dagsetningar eru með fyrirvara um breytingu – allir viðburðir eru auglýstir nánar með tímasetningu. Þegar skipulagsdagur er eftir hádegi, þarf að sækja börnin kl. 12.15

Fundir starfsmanna:

Deildarstjórafundir eru á mánudögum kl. 10.15-11.00 (29. okt., 28. jan. og 12. júní kl. 9.30-11.15).

Deildarfundir eru tvisvar í mánuði fyrir hverja deild: Ak. og Kk. á miðvikudögum, Fk. og Hk. á fimmtudögum, kl. 8.45-9.30.

Starfsmannafundir utan vinnutíma: einn að hausti og einn að vori – 23. október og 12. júní kl. 17,00-18,45.

Einnig er vísað í dagatal foreldra þar sem ýmsir viðburðir eru út frá starfi með börnunum.

Dagatal foreldra 2012-2013

Ágúst -September	Október	Nóvember	Desember
17. ágúst Skipulagsdagur allan daginn 3.-7. september Græn vika Foreldrafundur verða að morgni kl. 8.30-9.15 19. sept. fyrir foreldra barna á Hrafna- og Kríukletti 21. sept. fyrir foreldra barna á Fálka- og Arnarkletti 26. september Skipulagsdagur allan daginn	1.-5. október Bleik vika 3. október Ömmu og afa kaffi á deildum síðdegis kl. 15.30-16.30 7. okt – 2. nóv. Foreldraviðtöl á deildum 21.-25. október Bangsavika, bangsaball 25. október 1. vetrardagur v/26.okt.	5. -9. nóv Munstur vika 7. nóvember Fálkaklettur Myndasýning fyrir foreldra 8. nóvember Arnarklettur Myndasýning fyrir foreldra 16. nóvember Bókadagur v/dagur ísl. tungu 23. nóvember Skipulagsdagur allan daginn	1. desember fyrir hádegi 1.des. hátíð 3.-7. desember Rauð vika Jóladagskrá allan desember Dagskrá verður send heim þar sem tilgreindir eru ýmsir viðburðir og fræðsluáherslur t.d. jólaball m/gesti, kirkjuferð, ferð í Húsdýragarðinn ath. það fara ekki öll börn í kirkjuferð og húsdýragarðinn 7. desember Jólaveinahúfu- dagur

Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní
4. janúar Hattadagur v/jólin kvödd 7.-11. janúar Hvít vika 9. janúar Skipulagsdagur allan daginn 14.-25. janúar Arnarklettur og Fálkaklettur foreldraviðtöl 16. janúar Foreldrafundur m/ foreldrum elstu barnanna 25. janúar Bóndadagur þöbbum boðið í morgunmat	4.-8. febrúar Blá vika 30. jan. – 3. febr. Tannverndarvika 4.-15. febrúar Hrafnaklettur og Kríuklettur Foreldraviðtöl 22. febrúar Konudagur 24. Febr. mömmum boðið í morgunmat 20. -24. febrúar??? Góðverkavika 13. febrúar Góðverkadagur 22. feb??? 13. febrúar Öskudagur – furðufataball 26. febrúar Skipulagsdagur eftir hádegi frá kl. 12.15	8. mars Rugl dagur 17.-22. mars Gul vika 5. mars Hrafnaklettur Myndasýning fyrir foreldra 7. mars Kríuklettur Myndasýning fyrir foreldra	2. apríl Skipulagsdagur allan daginn 1.-5. apríl Fjólublá vika 18. apríl Opið hús fyrir gesti og gangandi síðdegis, verður auglýst sérstaklega 26. apríl Blómaball v/ sumardagurinn fyrsti	6.-10. maí Appelsínugul vika 24. maí Sólgleraugna- Dagur 30. maí Skipulagsdagur eftir hádegi kl. 12.15 31. maí Afmæli Klettaborgar v/1. júní = 23 ára	6. júní Elstu börnin kveðja kl. 17.00 Samverustund með börnum og fjölskyldum þeirra 10.-14. júní Bæjarferð v/17. júní-fræðsla fyrir eldri börnin 18.-28. júní Íþróttahátíð, veðrið ræður vali á deginum 21. júní Derhúfu-dagur

Litavikur – síðasta dag litavikunnar þ.e. föstudaginn, er skemmtilegt að allir sem geta, verði klæddir á einhvern hátt í samræmi við litinn.

Fræðslustarf – áherslur deilda

Hrafnaklettur og Kríuklettur	Fálkaklettur og Arnarklettur	Annað
Eftir áramót er unnið með þjóðsögu.		http://klettaborg.is
Lögð er áhersla á að vera í hóp. Börnin eru að æfa sig að vera saman. Í vinnustundum eru börnin til skiptis í ýmsum verkefnum inni og úti. Á Kríukletti er áhersla á könnunarleikinn og á Hrafnakletti er áhersla á einingakubbana. Í samverustundum er áhersla á söng og lestur. Unnið er með þulu í hverjum mánuði.	Um haustið er byrjað á að vinna með hópefli, vináttu, samskipti og hjálpsami Einnig er unnið með þulu í hverjum mánuði. Eftir áramót verður unnið með þjóðsögu. Veðurfræðingur á báðum deildum. Könnunaraðferðin er leiðandi í vinnu með börnunum og áhugasvið barnanna látið ráða ferðinni. Gönguferðir.	Allar deildir vinna með árstíðirnar. Um vorið er umferðarfræðsla. Þorablót er á Þorranum. Barnamenningarhátíð í Reykjavík. Skemmtiferð elstu barnanna er í maí. Fréttabréf frá hópnum fer heim með upplýsingum um starfið. Sveitaferð í samstarfi við foreldrafélagið, annað hvert ár.
Kríuklettur og Hrafnaklettur vinna saman með ýmsum verkefni t.d. gönguferðir. Fyrir áramót verður áhersla á ýmiss dýr.	Elstu börnin (sem eru á síðasta ári í leikskólanum) Um haustið er byrjað að vinna með hópefli, vináttu og samskipti. Í nóvember verður byrjað á “borgarverkefni” sem unnið verður með til vors. Byrjað verður á því að skoða okkar hverfi og búsetu og í lokin er tengd saman umfjöllun um ýmsa þætti í borgarsamfélagi. Inní þetta fléttast verkefni með talnagildi, verkefni tengd hljóðgreiningu o.fl.. Inní elstu barna starfið fléttast áhersla leikskólans eftir áramót þ.e. þjóðsaga.	Foreldraráð Klettaborgar Foreldrafélag Klettaborgar Foreldraráð starfar samkv. lögum um leikskóla og gefur m.a. umsögn um starfsáætlun og námskrá. Kosið er í stjórn foreldrafélgsins og í foreldraráðið á haustfundi foreldra í leikskólanum. Tilgangur foreldrafélagsins er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt.

2 Mat á síðasta ári, 2011-2012

2.1 Yfirlit yfir leikskólaárið 2011-2012

Leikskólastarfið í heild gekk vel. Áætlanir stóðust að mestu leiti, þó var minna unnið með ákveðin verkefni en áætlað var og verða þau áfram næsta vetur.

Veturinn 2010-2011 var innleitt nýtt verkefni þ.e. að vinna með þjóðsögur og ævintýri. Gilitruð varð fyrir valinu þennan vetur. Verkefnið var undirbúið í starfsmannahópnum fyrir áramót og fór til barnanna eftir áramót. Allir eru sammála um að það hafi verið skemmtilegt bæði fyrir börn og starfsfólk. Þó svo að nokkuð álag hafi verið eftir áramót vegna faliðunar í starfsmannahópnum, þá lögðust allir á eitt og létu þetta verkefni hafa forgang í vinnu með börnunum.

Matsteymi leikskólans sem stofnað var veturinn 2010-2011 hélt fundi og fór yfir starfsáætlunina og hélt utan um skráningar á verkefni í sjálfsmati á formlegri hátt en verið hefur. Matsteymið lagði fram drög að matsáætlun til fimm ára.

Í starfsviðtölum starfsmanna kom fram almenn ánægja með leikskólastarfið, sérstaklega hefur þjóðsöguverkefnið gengið vel og allir starfsmenn áttu hlutdeild í því eftir áhugasviði. Þar hefur mannauður leikskólans nýst vel.

Starfsmannakönnun á vegum skóla- og frístundasviðs var gerð í vetur. Þar kemur fram að starfsmenn eru almennt ánægðir.

Flestir starfsmenn fóru í náms- og kynnisferð til Boston og skoðuðu tvo leikskóla og eitt leikfangasafn, starfsmenn sem fóru ekki til Boston, skoðuðu leikskóla í Reykjavík. Samantekt um námsferðina er á heimasíðu leikskólans.

Lokað er í fjórar vikur að sumri vegna sumarleyfa. Er þetta gert vegna hagræðingar í rekstri.

Foreldraráð kom á fund með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og fór yfir starfsáætlunina og fyrirkomulag sumarleyfa. Foreldraráð kom í leikskólann í apríl og fylgdist með starfinu og gerði greinagerð út frá því, sjá fylgiskjöl.

Flest elstu börnin hætta um sumarlokun leikskólans eða þegar grunnskóli hefst og því koma fá ný börn yfir sumarið en að mestu er aðlögun nýrra barna í lok ágúst og september. Þátttökuáðlögun hélt áfram þennan vetur og er mikil ánægja með þessa aðferð meðal foreldra og starfsmanna.

Í Klettaborg eiga að vera 80 börn samtímis (samkv. ákvörðun skóla- og frístundaráðs). Þennan vetur voru 78 börn vegna barnafækkunar í hverfinu og ekki var veitt fjármagn fyrir því að taka inn börn fædd 2010. Í desember 2011 var gefið leyfi fyrir að taka inn börn fædd í janúar 2010.

Þrengt hefur verið að rekstrarumhverfi leikskóla með því að minnka afleysingu. Erfitt er að halda uppi áætluðu starfi með þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru í starfsáætlun þegar forföll verða. Í vetur settu langtíma veikindi í starfsmannahópnum mark sitt á starfið, því ekki fékkst afleysing eins og þörf hefði verið á. Það bitnar m.a. á því að dagskipulagið verður einfaldað og ákveðnir þættir/verkefni falla niður og kennarar komast síður í undirbúningstíma.

Við mat á vetrinum í heild kom fram óánægja kennara með hvað kjarabundinn undirbúningstími þeirra hefði verið stopull og fallið oft niður. Einnig eru áhyggjur af því hvert faglegt starf í leikskólum stefnir við síendurtekna kröfur um hagræðingu í rekstrarumhverfi leikskólans.

2.2 Mat á leikskólastarfi - matskýrsla

Starfsáætlun 2011-2012 – niðurstaða apríl-júní 2012

Leikskólar skulu samkvæmt lögum, reglugerð og aðalnámskrá gera mat á skólastarfinu. Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara. Markmið innra mats samkvæmt lögum er m.a.:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks og foreldra
- tryggja að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðar og aðalnámskrá
- auka gæði náms og stuðla að umbótum
- tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. (Texti frá Leikskólasviði Reykjavíkur).

2.2.1 Matsaðferðir Klettborgar

Starfsáætlun 2011-2012 – niðurstaða apríl-júní 2012

Matsaðferðir Klettborgar eru bæði formlegar og óformlegar.

Mat á starfinu fer fram yfir allt skólaárið.

Formlegt mat:

- þar er stuðst m.a. við athuganir, skráningar, kannanir, útfyllingu lista og þroskapróf.

Óformlegt mat:

- það fer fram m.a. í umræðuformi og viðtölum.

Matshópurinn sem skipaður var 2010-2011 hefur haldið áfram þennan vetur. Í honum eru deildarstjóri, leikskólakennari, leikskólaliði og leikskólastjóri.

Matshópurinn fylgdi eftir mati á ákveðnum þáttum úr námskrá þ.e. jákvæð og glaðleg samskipti starfsmanna við börn og málumhverfi leikskólans, en fór einnig yfir starfsáætlunina og stöðu verkefna þar.

Mat á starfsáætluninni í heild fór fram sem stöðumat í umræðuformi á ýmsum fundum, skráningu í fundargerðum og könnun meðal foreldra.

2.2.2 Áherslur leikskólans – ýmiss verkefni

Starfsáætlun 2011-2012 – niðurstaða apríl-júní 2012

Matsáætlun til 5 ára.

- Gera áætlun um innramat/sjálfsmat í leikskólanum til 5 ára.
- Matsteymi kemur með drög að matsþáttum og leggur fyrir starfsmenn.

Niðurstaða:

Matsáætlun til 5 ára var lögð fyrir og samþykkt, sjá fylgiskjal. Matsteymi fyllir þar inn verkefni sem við eiga.

Sameiginlegt fræðsluverkefni fyrir áramót – vinátta-samskipti-hjálpssemi.

- Sameiginlegt fræðsluverkefni allra deilda frá september til desember.
- Yfirheitið er „vinátta“ og undirheiti eru „samskipti og hjálpssemi“.
- Unnið verður með könnunaraðferðinni og verkefnið tekur mið af áhugasviði barnanna og þeirra hugmyndum.

Niðurstaða:

Verkefni gekk vel, margar hugmyndir komu og unnið var á fjölbreyttan hátt út frá hugmyndum barnanna. Útbúinn var sameiginlegur vefur með hugmyndum frá öllum deildum og hver deild vann verkefnið á sinn hátt. Vilji er til að halda þessu verkefni áfram næsta haust.

Dagskipulag – ýmsir þættir s.s. lundvakt, deildarfundir, móttaka að morgni/morgunmatur/leiktíminn.

- Rýnt verður í ofantalda þætti og hugað að lagfæringum í dagskipulaginu þar sem þess er þörf.

Niðurstaða:

Það var ekki farið markvisst í þessa þætti, en á ýmsum fundum s.s. deildarfundum og deildarstjórafundum voru þættir í dagskipulaginu ræddir m.t.t. úrbóta hverju sinni. Þetta verkefni verður áfram næsta vetur.

Undirbúningstími deildarstjóra, samfelldur tími.

- Deildarstjórar hafi samfelldan tíma (3-4 klst.) til undirbúnings aðra hvora viku.
- Deildarstjórar skrái hjá sér tíma og verkefni.

Niðurstaða:

Skráning á undirbúningstíma var samtals í 20 vikur þ.e. 12 vikur fyrir áramót og 8 vikur eftir áramót. Skráð var á hverjum degi: barnafjöldi, stöðugildi, forföll/skrepp, undirbúningstími og annað sem skipti máli (t.d. fundir). Fyrir áramót virtist vera næg stöðugildi á deildum til þess að fara í undirbúningstíma, skráning sýnir hins vegar að það hafi ekki verið nýtt. Líklega hefur ekki allur undirbúningstími verið skráður og/eða að þau tækifæri sem gáfust til undirbúnings voru ekki nýtt. Eftir áramót var mikil faliðun og því erfiðara að fara í undirbúningstíma og féll hann oft niður. Skráningin jók yfirsýn á nýtingu undirbúningstímans og skapaði góðar umræður. Niðurstöður skráningar voru ræddar í starfsmannahópnum og áréttað hve mikilvægur undirbúningstíminn er. Haldið verður áfram að skrá undirbúningstíma. Deildarstjórar setji sér markmið næsta vetur um skipulagningu á undirbúningstíma og geri skráningu á tímum allra sem eiga kjarabundinn undirbúningstíma á deildinni.

2.2.3 Áherslur leikskólans v/starfsáætlun Leikskólasviðs

Starfsáætlun 2011-2012 – niðurstaða apríl-júní 2012

Mat á skólastarfinu – sýn barna.

- Elstu börnin taki þátt í að meta leikskólastarfið.
- Útbúinn spurningalisti um ákveðna þætti í leikskólastarfinu.

Niðurstaða:

Þetta verkefni komst aðeins á skrið – samantekt var gerð á aðferðum sem aðrir leikskólar hafa verið að vinna með. Þetta verkefni verður áfram næsta vetur.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

- Fræðsla fyrir starfsfólk um Barnasáttmálann.
- Barnasáttmálinn, eða hluti af honum, tengdur við leikskólastarfið.

Niðurstaða:

Allir starfsmenn fóru á námskeið. Þar var hugarflug um verkefni sem unnin eru í leikskólanum og tengjast Barnasáttmálanum. Haldið verður áfram með þetta verkefni næsta vetur.

Náttúrusvæði í nágrenni leikskólans.

- Náttúrusvæði í nágrenni leikskólans valið og gert að „heimasvæði“ leikskólans.

Niðurstaða:

Í september var nærliggjandi „náttúrusvæði“ valið. Það fékk heitið Óðal sem vísar í heimasvæði arnarins. Börnin heimsóttu Óðal í vetur og t.d. var það tengt við þjóðsöguna Gilitrutt á einni deild. Næsta vetur verður enn frekar unnið að því að festa þetta svæði inni daglegt starf leikskólans.

2.2.4 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðu mats 2010-2011

Starfsáætlun 2011-2012 – niðurstaða apríl-júní 2012

Jákvæð og glaðleg samskipti:

- Samkvæmt niðurstöðu var viðmið 3 óljóst.
- Markmið að allir starfsmenn hafi sama skilning á viðmiði 3.
- Með því að skilgreina betur viðmið 3.
- Skrá jákvæð og glaðleg samskipti tvö tímabil fyrir áramót og tvö tímabil eftir áramót.

Niðurstaða:

Viðmið 3 var skilgreint betur og allir starfsmenn sammála um það. Skráning var samkvæmt áætlun og telja starfsmenn að með þessum skráningum þá eykst meðvitund þeirra um jákvæð og glaðleg samskipti við börnin. Næsta vetur verður þetta verkefni áfram en hver starfsmaður skráir fyrir sig sín samskipti við börn.

Einstaklingsnámskrá:

- Markmið að a.m.k. helmingur foreldra telji sig hafa tekið þátt í að gera einstaklingsnámskrá fyrir barnið sitt.
- Með því að endurbæta eyðublað sem fer heim til foreldra fyrir haustviðtal.
- Foreldrar nýrra barna fá eyðublaðið fyrir aðlögunarviðtalið.
- Fara yfir námskrá barnsins í foreldraviðtali í janúar/febrúar.
- Könnun til foreldra um vorið með sömu spurningu og var í könnun Leikskólasviðs í mars 2011.

Niðurstaða:

Eyðublað um einstaklingsnámskrá-áætlun barns var endurbætt og notað í haustviðtölum og aftur í janúar/febrúar viðtölum. Eyðublað fór heim til foreldra fyrir haustviðtalið og óskað eftir hugmyndum frá foreldrum. Foreldrar 64% barna komu með blaðið útfyllt í viðtalið og foreldrar 14% barna fylltu það út í viðtalinu. Foreldrar sem höfðu fyllt út blaðið um haustið voru áhugasamir um hvernig barninu vegnaði út frá haustviðtalinu.

Í könnun meðal foreldra í apríl 2012

Ég hef tekið þátt í að gera einstaklingsnámskrá fyrir barnið:

Sammála	Hvorki né	Ósammála
61%	20%	19%

Markmiðið náðist. Haldið verður áfram með þetta fyrirkomulag.

Félagsfærnilisti:

- Markmið að útfylling listans nýtist til þess að vinna að einstaklingsáætlun fyrir barnið.
- Með því að fá fræðslu um notkun og úrvinnslu listans.
- Stöðumat á deildarstjórafundum.

Niðurstaða:

Deildarstjórar fengu fræðslu um listann. Listinn var fylltur út fyrir öll börn og umræður voru um gagnsemi. Listinn gefur yfirsýn yfir barnið og er gagnlegur sem eitt af matstækjum leikskólans.

Líkamleg umönnun barna:

Út frá könnun Leikskólasviðs sjá í matsskýrslu.

- Markmið að a.m.k. 90% foreldra séu sammála um að leikskólinn komi til móts við barnið varðandi líkamlega umönnun.
- Með því að spyrja foreldra í haustviðtali og janúar/febrúar-viðtali hvernig leikskólinn sinni líkamalegri umönnun barnsins.
- Staðlaðar spurningar, eins hjá öllum deildum.
- Könnun til foreldra um vorið með sömu spurningu og var í könnun Leikskólasviðs í mars 2011.

Niðurstaða:

Í foreldraviðtölum var hugtakið „líkamleg umönnun“ rædd og hvaða skilning foreldrar legðu í þetta hugtak. Margir foreldrar höfðu ekki leitt hugann að þessu hugtaki sem slíku, en í samtölunum kom fram að þeir teldu að líkamleg umönnun birtist í hreinlæti, snertingu og næringu. Þeir töldu þessa þætti einnig mikilvægasta. Til viðbótar nefndu þeir m.a. klæðnað og hreyfingu.

Í könnun meðal foreldra í apríl 2012

Ég tel að leikskólinn komi til móts við barnið mitt varðandi líkamlega umönnun:

Sammála	Hvorki né	Ósammála
94%	6%	0%

Markmiðið náðist. Mikil og gagnleg umræða skapaðist um þetta hugtak hjá starfsmönnum.

Fræðslustarf leikskólans:

- Markmið að fræðslustarfið og áherslur verði aðgengilegt fyrir starfsfólk og samræmi verði á milli deilda, en hver deild hefur sínar úrfærslur í framkvæmd.
- Með því að setja inn sýnishorn af ýmsum verkefnum og áherslum í sérstaka handbók um fræðslustarf leikskólans, sambærilegt og gagnabanki.

Niðurstaða:

Verkefnin um Vináttuna og um Gilitrutt hafa verið tekin saman og sett í möppu. Þetta verkefni heldur áfram næsta vetur þ.e. að vinna gagnagrunn fyrir leikskólann um þau fræðsluverkefni sem eru í vinnslu.

Heimasíðan:

- Markmið að auka upplýsingar um starf leikskólans til foreldra.
- Að a.m.k. 60% foreldra telji heimasíðuna virka.
- Með því að setja inn fréttir frá hverri deild a.m.k. tvisvar í mánuði.
- Að upplýsingar úr skóladagatali séu uppfærðar á forsiðu fyrir hvern viðburð.
- Skoða heimasíðuna um áramótin og um vorið. Telja fréttir frá deildum og athuga hvort viðburðir hafi verið kynntir á forsiðu.
- Könnun til foreldra um vorið með sömu spurningu og var í könnun Leikskólasviðs í mars 2011.

Niðurstaða:

Deildir settu inn fréttir í formi mynda og fréttapistla að mestu leiti 2x í mánuði. Skóladagatal uppfærast sjálfkrafa fyrir hvern viðburð. Flestir viðburðir eru tilkynntir sérstaklega.

Í könnun meðal foreldra í apríl 2012

Ég er ánægð/ur með heimasíðu leikskólans:

Sammála	Hvorki né	Ósammála
63%	28%	9%

Leikskólinn er með virka heimasíðu:

Sammála	Hvorki né	Ósammála
62%	25%	13%

Markmiðið náðist naumleg en betur má ef duga skal.

Næsta vetur munu deildarstjórar byrja með tölvupóstsamskipti við foreldra og m.a. senda tilkynningar um efni/fréttir sem kemur á heimasíðuna.

2.2.5 Matsáætlun 2011-2012

Starfsáætlun 2011-2012 – niðurstaða apríl-júní 2012

Haustið 2011 verða eftirfarandi þættir úr skólanámskrá skilgreindir og settir í matsferli samkv. matshring, sjá fylgiskjal.

Jákvæð og glaðleg samskipti starfsmanna við börn

- Þessi þáttur var metinn eftir áramótin 2011 til vors 2011, en ákveðið er að meta hann aftur með breytingu á viðmiði nr. 3.

Málumhverfi leikskólans

- Þessi þáttur er ein aðaláhersla í námskrá Klettaborgar.

Niðurstaða:**Jákvæð og glaðleg samskipti starfsmanna við börn:**

Viðmið 3 var skilgreint betur og allir starfsmenn sammála um það.

Skráning var samkvæmt áætlun og telja starfsmenn að með þessum skráningum þá aukist meðvitund þeirra um jákvæð og glaðleg samskipti við börnin.

Málumhverfi leikskólans:

Notaður var ECERS matstæki til að skoða þennan þátt. Allir starfsmenn svöruðu viðkomandi lista og ræddu niðurstöður. Listinn metur 6 þætti í leikskólastarfinu og í hverjum þætti eru nokkrar fullyrðingar sem reiknast út í stigum. Skoðaður var þátturinn „Mál og hugtakanám“ þar eru 4 fullyrðingar. Mest er hægt að fá 7 stig. Meðaltal í leikskólanum er 6.20. Yngri deildir skora hærra en eldri deildir. Eftir umræður deildarstarfsmanna og samanburð þeirra sín á milli á sínum svörum, þá voru allir sammála um að þeir myndu gefa hærri stig í ákveðnum fullyrðingum. Starfsmenn eru sammála um að útfylling listans er mjög vekjandi í umræðunni um námsgögn, námsumhverfi og vinnuaðferðir. Ekki er ástæða til að fara í sérstakar aðgerðir, heldur halda áfram á sömu braut og starfað er í leikskólanum með málumhverfið. Sjá niðurstöður í fylgiskjali.

2.2.6 Starfsmenn – starfsþróun

Starfsáætlun 2011-2012 – niðurstaða apríl-júní 2012

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennarar	8	7,60	Leikskólakennaramenntun
Önnur háskólamenntun	3	3,0	Grunnskólakennari og framhaldsskólakennari
Leikskólaliðar	1	1,0	Nám á framhaldsskólastigi

Leiðbeinandi 1 og 2	2	1,85	
Starfsmaður 2	2	1,50	
Umsjón í eldhúsi	2	1,50	
Samtals	18	16,45	

Að auki er einn leikskólakennari og einn grunnskólakennari í launalausum leyfi þennan vetur og einn starfsmaður 2 í fæðingarorlofi. Starfsþróun byggir á áherslum Klettaborgar og áhugasviði starfsmanna. Hver starfsmaður setur sér markmið og leiðir til þess að ná þeim. Tveir kennarar munu sækja ráðstefnu erlendis í nóvember. Fyrirhugað er að fara í námsferð erlendis vorið 2012 og skoða skólaumhverfi.

Niðurstaða:

Fræðsla fyrir starfsmenn var m.a. um Barnasáttmálann og félagsfærnilistann. Einn leiðbeinandi útskrifaðist sem leikskólaliði. Einn deildarstjóri fór í fæðingarorlof. Tveir leikskólakennarar sóttu ráðstefnu erlendis. Einn leikskólaliði fór í launalaust námsleyfi erlendis í 3 mánuði. Allir starfsmenn fóru í náms- og kynnisferð, 14 fóru til Boston og 6 voru í Reykjavík. Starfsviðtöl voru í apríl þar sem farið var yfir veturinn. Allir starfsmenn koma í viðtal í september og ræða um vetrarstarfið og hver og einn setur sér markmið.

2.2.7 Barnahópurinn

Starfsáætlun 2011-2012 – niðurstaða apríl-júní 2012

Í leikskólanum er pláss fyrir um 80 börn samtímis. Í júní eru 79 börn skráð fyrir veturinn 2011-2012. Neðangreind tafla sýnir fjölda barna í árgangi, kynjahlutfall og daglega viðveru.

Dvalarstundir	2006	2007	2008	2009	2010	Alls
	Dr -- St	Dr -- St	Dr -- St	Dr -- St	Dr -- St	Dr -- St
6-9 stundir	8 - 8	8 - 9	15 - 10	9 - 9	1	40 - 37
4-5 stundir		1		1		2

Flest börn dvelja allan daginn í leikskólanum og eru 98% barnanna með dvalartíma á bilinu 6-9 tíma á dag. Deildir eru aldursblandaðar, tvær eldri deildir og tvær yngri deildir. Fjöldi barna í árgangi ræður því hvernig aldursskiptingin er á milli eldri og yngri deilda.

Í leikskólanum eru þrjú börn sem farið hafa í greiningu hjá Proskamiðstöð barna, Greiningarstöð ríkisins eða í Miðgarð. Ellefu börn eru af erlendum uppruna, öll með annað móðurmál en íslensku en fjögur þeirra tala þrjú tungumál. Fjögur börn eru með ofnæmi, þar af eitt með bráðaofnæmi, einnig eru nokkur börn með óþol.

Tvö börn eru langveik (sykursýki, flogaveiki).

Niðurstaða:

Fjöldi barna var svipaður allan veturinn eins og áætlað var fyrir árið.

Í upphafi vetrar fóru deildarstarfsmenn yfir stöðu hvers barns.

Eftirfarandi gögn eru höfð til hliðsjónar við „mat“ á hverju barni:

Gróft þroskamát fyrir foreldraviðtöl. Þroskamatið hefur verið þróað í leikskólanum og er ekki aldursmiðað.

Dagbóarskráning við sérstök tilvik í hegðun og atferli barns.

Íslenski þroskalistinn fyrir öll næst elstu börnin að hausti, einnig fyrir þau börn þar sem grunur er um þroskafrávik.

Félagsfærnilisti (útg. af skóla- og frístundasviði) var útfylltur fyrir hvert barn.

HLJÓM-2, matstæki fyrir málþátt var lagt fyrir elstu börnin.

Foreldrar fengu niðurstöður og ráðleggingar um hvar/hvernig hægt væri að koma betur til móts við barnið þar sem þess var þörf.

Þennan vetur var leitað ráðgjafar vegna fjögurra barna til utanaðkomandi sérfræðinga.

Barn með flogaveiki kom ekki í leikskólann.

Aðstoðarleikskólustjóri sá um eftirfylgd og ráðgjöf inná deildir og tengsl við sérfræðinga.

2.2.8 Foreldrasamvinna

Starfsáætlun 2011-2012 – niðurstaða apríl-júní 2012

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, að hausti og í janúar/febrúar. Fyrir haustviðtalið fer eyðublað heim sem foreldrar eru beðnir um að fylla út og koma tillögur að áherslum í einstaklingsnámskrá barnsins.

Foreldrafundir eru að hausti, sjá nánar í dagatali leikskólans. Annað hefðbundið foreldrasamstarf er t.d. opið hús, foreldrakaffi, fréttabréf og myndasýning.

Foreldraráð starfar samkv. lögum um leikskóla og gefur m.a. umsögn um starfsáætlun og námskrá.

Foreldrafélag er starfandi. Tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt. Kosið er í foreldraráðið og í stjórn foreldrafélagsins á haustfundi foreldra í leikskólanum.

Niðurstaða:

Foreldrasamstarf gekk samkvæmt áætlun, en viðtölin eftir áramót voru seinna en áætlað var.

Allir foreldrar fengu afhenta starfsáætlun og dagatal leikskólans, en það er einnig aðgengilegt á heimasíðu leikskólans.

Foreldraráð er við leikskólann og kom á fundi og fór yfir starfsáætlun.

2.2.9 Samstarf leik- og grunnskóla

Starfsáætlun 2011-2012 – niðurstaða apríl-júní 2012

Samstarf er við grunnskóla hverfisins þ.e. Hamraskóla. Það byrjaði formlega 1999 og hefur verið í stöðugri þróun.

Á þessu leikskólaári er stefnt að því að fara sömu leið og s.l. ár. Leikskólakennarar og grunnskólakennarar gera samstarfsáætlun fyrir veturinn. Þar verða gagnkvæmar heimsóknir elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans. Einnig hittast þau á grunnskólalóðinni um vorið og fari í útileiki saman.

Á degi ísl. tungu koma börn frá Hamraskóla (4. bekk) og lesa fyrir leikskólabörnin. Leikskólabörnin fá aðstoð frá eldri börnum Hamraskóla (6. bekk) þegar farið er í Húsdýragarðinn í desember.

Fundur er fyrir foreldra elstu barna leikskólans er í Hamraskóla, það er samstarf beggja skólastjóra. Skólastjóri Hamraskóla ræðir um breytingar sem verða þegar börnin fara á milli skólastiga.

Niðurstaða:

Allt gekk eins og áætlað var í samskiptum við grunnskóla hverfisins.

2.2.10 Dagatal leikskólans

Starfsáætlun 2011-2012 – niðurstaða apríl-júní 2012

Ítarlegt dagatal leikskólans er í handbók skólans og því verður það helsta dregið saman hér:

- dagatal leikskólans með viðburðum, fundum og skipulagsdögum sem snúa að foreldrum
- dagatal fyrir foreldra með yfirlit yfir viðburði fyrir hvern mánuð.

Dagatal leikskólans 2011-2012

Skipulagsdagar	Foreldrafundir Foreldraviðtöl	Foreldrakaffi Opið hús Afa og ömmu kaffi
19. ágúst '11 – kl. 8.00-10.00*	<u>21. sept.</u> fundur foreldra barna	4. okt. – afa og ömmu kaffi
28. sept. '11 – eftir hádegi	á Hrafna- og Kríukletti kl. 8,30-9,15	9. nóv. - myndasýning Fk.
19. okt. '11 – kl. 8.00-10.00*		15. nóv. – myndasýning Ak.
24. nóv. '11 – kl. 8.00-10.00*	<u>22. sept.</u> fundur foreldra barna	20. jan. – pabbar í morgunm.
9. jan. '12 – eftir hádegi	á Fálka- og Arnarkletti kl. 8,30-9,15	17. febr. – mömmur í morgunm.
7. mars '12 – kl. 8.00-10.00*		28. febr. – myndasýning Hk.
10. apríl '12 – allan daginn	<u>17. jan.</u> fundur foreldra elstu barnanna.	1. mars – myndasýning Kk.
Aprí/maí – 2 dagar ódagsett	Foreldraviðtöl eru í október og jan.-febrúar.	25. apríl - opið hús síðdegis
v/fyrirhuguð námsferð erlendis		31. maí – elstu börnin kveðja

Dagsetningar eru með fyrirvara um breytingu – allir viðburðir eru auglýstir nánar með tímasetningu. Þegar skipulagsdagur er eftir hádegi, þarf að sækja börnin kl. 12.15

***Athugið sérstaklega fjóra daga. Tíminn þessa daga kl. 8.00-10.00 samsvarar einum skipulagsdegi. Þessa daga mæta börnin kl. 10.00 tilbúin til þess að fara í útiveru.**

Fundir starfsmanna:

Deildarstjórafundir eru á mánudögum kl. 10.15-11.00 (10. okt., 23. jan. og 29. maí kl. 9.30-11.15).

Deildarfundir eru tvisvar í mánuði fyrir hverja deild: Ak. og Kk. á miðvikudögum, Fk. og Hk. á fimmtudögum, kl. 8.45-9.30.

Starfsmannafundir utan vinnutíma: einn að hausti og einn að vori – dagsetningar ekki komnar.

Fagfundir – stefnt að tveimur fagfundum yfir veturinn.

Einnig er vísað í dagatal foreldra þar sem ýmsir viðburðir eru út frá starfi með börnunum.

Niðurstaða:

Flest gekk eftir eins og fyrirhugað var. Foreldraviðtöl eftir áramót drógust aðeins.

Innanhús fundir s.s. deildarstjórafundir, deildarfundir og fagfundir féllu stundum niður vegna fáliðunar.

3 Fylgiskjöl

3.1 Umsögn foreldraráðs

3.2 Matsáætlun til 5 ára

3.3 Ecers niðurstöður

3.4 Foreldrakönnun

Skýrsla foreldraráðs Klettaborgar 2011-2012

Matið fór fram í byrjun apríl 2012. Við undirritaðar í foreldraráði Klettaborgar fórum inn á allar deildir leikskólans og máttum starfið með tilliti til þess hvernig unnið var með þemað Gilitrutt auk þess sem við skoðuðum samskiptin á leikskólanum.

Starfið

Gilitrutt á yngri deildum.

Við sáum ekki starfið sjálft í gangi en fengum fræðslu um það.

Í byrjun janúar var byrjað að lesa söguna Gilitrutt fyrir börnin. Bæði í bókum og á töflu þar sem myndir voru settar upp og texti lesinn. Leikskólakennarar fengu krakkana til að taka meiri þátt með því að stoppa lesturinn og spyrja hvað gerist næst. Myndir sýndar og börnin fengin til að segja frá.

Farið var í göngutúr um hverfið, bankað í steina og leitað að Gilitrutt. Börnin voru virk og fannst gaman. Þau tóku með sér steina til að setja á sameiginlegt verk. Þessi ferð var skráð með myndum.

Alls staðar á deildunum voru vísanir í söguna um Gilitrutt, bæði setningar og myndir. Þær mættu vera betur staðsettar að okkar mati í augnhæð barnanna. Myndir eftir börnin af Gilitrutt prýða veggina og á þeim segja þau frá því hvað er að gerast á myndinni.

Einnig var unnið sameiginlegt verkefni þar sem börnin þæfa ull og setja á blað auk steinanna sem þau tíndu í göngutúrnum. Á því er söguviðið búið til.

Endursögn á sögu og söngvar um efnid einkenndu starfið þannig að tónlistin tengdist efninu.

Læra þulur og texta í tengslum við sögu og syngja saman og hlusta.

Mikil áhersla á framsögn í öllu starfi. Allir virkir í því þrátt fyrir ungan aldur.

Gilitrutt á eldri deildum

Þar sáum við starfið heldur ekki í gangi en spurðum um það auk þess sem við eigum allar börn á deildunum og höfum því séð vinnuna.

Kennari las söguna með börnunum sem fengu að endursegja og taka þátt auk þess sem skoðaðar voru myndir með.

Börnin unnu myndir út frá textabrotum í sögunni og endursögðu í tengslum við það. Verkin hanga á veggjum fyrir alla að sjá.

Ýmis orð, orðtök og málshættir úr sögunni og í tengslum við hana voru skoðuð, hvað þau þýða og hvernig þau eru notuð.

Börnin unnu í listaskála leirverk úr sögunni, ófu litla vefi hvert fyrir sig en einnig einn stóran sem hangir á ganginum og allir gerðu saman.

Læra lög og texta í tengslum við söguna og hlusta og syngja saman. Mikil áhersla á framsögn og virkni í öllu starfi.

Samantekt út frá námsmarkmiðum:

Á heimasíðu Klettaborgar segir í formála að námskrá:

Áhersla er lögð á gott og frjótt málumhverfi og að gleði, virðing og öryggi sé ríkjandi í samskiptum og umhverfi barnsins.

Hugmyndin er sótt til margra kennimanna, en mest þó í smíðju Johns Deweys. Hann leggur áherslu á að barnið sé sjálfstæður, hugsandi einstaklingur sem byggir á eigin reynslu til að þroskast og læra. Þar er málið ein af mikilvægustu leiðunum sem barnið hefur.

Við teljum að starfsfólk Klettaborgar framfylgi þessum áherslum í starfi sínu, bæði hvað varðar vinnu við Gilitrutt og í samskiptum við börnin.

Þegar við skoðuðum námskrána í tengslum við það sem við sáum í heimsóknum okkar og út frá okkar eigin börnum fengum við ekki betur séð en starfsfólk vinni markvisst að því að framfylgja námskránni í starfinu öllu. Mikil áhersla er á að börnin séu virkir þátttakendur í starfinu og stuðlað er að því að börnin öðlist sjálfstæði, fái sterka sjálfsmynd og sjálfstraust auk þess sem þau læra að bera virðingu fyrir öðrum og umhverfi sínu og taka tillit til annarra.

Samskiptin á Klettaborg

Öll samskipti voru jákvæð og uppbyggileg á milli starfsfólks og barnanna. Vel var tekið á mótí börnunum að morgni. Börnin virtust vita til hvers var ætlast af þeim og mikil ró einkenndi starfið þrátt fyrir að fáir starfsmenn væru í byrjun dags. Morgunmaturinn gekk vel fyrir sig og ljóst var að allir voru ánægðir í starfinu, bæði börn og starfsmenn.

Í samverustundinni var aðeins spjallað saman og spurt út í helgina. Starfsmenn alltaf rólegir og tóku vel á málunum með jákvæðum og uppbyggilegum hætti. Okkur finnst starfsfólkið mjög fært í sínu starfi.

Þegar lesin var saga í samverustund á eldri deildum síðdegis var spurningum úr sögunni beint að börnunum til að virkja þau og hafa þau með, þannig að þau fylgdust betur með og héldust róleg í umræðunum. Börnin þekktu vel sinn ramma og sín takmörk.

Okkur finnst gott hvernig starfsmönnum er raðað á deildirnar, alltaf fastur punktur, þ.e.a.s. vissir starfsmenn sem eru alltaf á deildinni þó aðrir starfsmenn róterí á milli deilda. Við teljum samskipti milli barna og starfsmanna á Klettaborg einkennast af blíðleika og rólegheitum og að börnin fái tilsögn á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Foreldrakönnun

Könnun foreldraráðs um sýnileika og aðgengi að foreldraráði kom þannig út að almennt séð virðist fólk ekki vita hvað foreldraráð gerir og finnst það ekki sýnilegt. Við teljum að við getum bætt sýnileika okkar með bættri heimasíðu og föstudagspóstum til foreldra.

Einnig að hafa upplýsingar um hlutverk foreldraráðs hangandi uppi við deildir ásamt upplýsingum um foreldrafélag svo foreldrar eigi auðveldara með að greina þar á milli.

Þá er einnig möguleiki að foreldraráð haldi fund einu sinni til tvisvar á vetri og kynni starf sitt og að það gefi út skýrslu á borð við þessa til foreldra svo þeir átti sig á starfi ráðsins og hlutverki þess. Einnig spurning hvort fundargerðir gætu verið aðgengilegar á heimasíðu Klettaborgar fyrir foreldra svo þeir sjá um hvað starf foreldraráðs snýst.

Einn punktur kom upp í foreldrakönnuninni um það að foreldraráðið ætti að beita sér fyrir því að öll trúarbragðakennsla færi fram utan leikskólans og því ætti að afnema kirkjuheimsóknir barnanna um jólin. Við ræddum þennan punkt og erum ósammála þessu. Við teljum kirkjuferð í tengslum við jólin frekar fræðslu en trúboð og finnst þessi fræðsla mikilvæg börnunum þar sem kristni er okkar þjóðtrú. Kirkjuferðir og fræðsla um tilgang jóla og af hverju við höldum jól teljum við því vera hluta af menningu okkar auk þess sem tengja má jólahátíðina kærleika og frið. Því finnst okkur að kirkjuferð barnanna fyrir jól eigi að halda sér en að sjálfsgöðu eigi foreldrar að hafa val um hvort börnin fara í kirkju eða ekki og sé þá önnur dagskrá í boði fyrir þau sem ekki fara eins og tíðkast hefur.

Foreldraráð Klettaborgar 2011-2012

Sigríður María Jónsdóttir
Arnbjörg Ösp Matthíasdóttir
Elín Heiður Gunnarsdóttir


Matsáætlun Klettaborgar

1 x á ári	2 ára fresti	3 ára fresti	4 ára fresti	5 ára fresti
Þáttur úr námskrá valinn af starfsfólki	Sérstakar handbækur	Aðlögun barna	Samskipti og líðan starfsfólks	Skólanámskrá
Þjóðsaga	Foreldrakönnun	Móttaka / kveðjustund	Samskipti barna	Aðalnámskrá
Starfsmannahandbók, valdir kaflar	Samskipti kennara og barna	Dagskipulag ýmsir þættir		
	Þáttur úr ECERS kvarða			

Ecers kvarði

Samantekt

	Fk.	Ak.	Hk.	Kk.	Meðt.
Rými og búnaður = 7 þættir	5,04	5,39	5,81	6,10	5,59
Umönnun og daglegt líf = 5 þættir	6,27	6,20	6,87	6,67	6,50
Mál og hugtakanám = 4 þættir	5,75	6,13	6,25	6,67	6,20
Leikur / viðfangsefni = 9 þættir	5,15	5,36	5,78	5,85	5,54
Samskipti / skipulag = 6 þættir	6,17	6,13	6,56	6,72	6,40
Starfsmenn og foreldrar = 6 þættir	6,11	6,03	6,56	6,22	6,23



Ecers kvarðinn metur leikskólastarfið í heild, ekki einstaka barn eða leikskólakennara. Kvarðinn samanstendur af 37 fullyrðingum sem skipt er í 6 kafla.

Starfsmaður gefur hverri fullyrðingu stig eftir fyrirfram gefnum forsendum, frá einu stigi upp í sjö stig. **Eitt stig þýðir ófullnægjandi en sjö stig þýðir mjög gott.**

Samantektin hér að ofan er meðaltal í hverjum flokki. Þar er meðaltal hvarrar deildar og síðan meðaltal leikskólans.

Foreldrakönnun apríl 2012


Samantekt

Í starfsáætlun Klettaborgar 2011-2012 voru fjórir þættir sem sneru að viðhorfi foreldra. Það eru þættir sem skóla- og frístundasvið spurði um í könnun veturinn þar áður og gáfu tilefni til þess að gera umbætur í Klettaborg.


Foreldrar fengu afhenta könnun með eins spurningum og möguleika á athugasemdum um starfið og voru í áður nefndri könnun og skiluðu svörum í kassa á leikskólanum.

Foreldrar 74 barna fengu könnunina, 33 svör bárust eftir ítrekun þ.e. 44%


Ég hef tekið þátt í að gera einstaklingsnámskrá fyrir barnið




Ég tel að leikskólinn komi til móts við barnið mitt varðandi líkamlega umönnun



Leikskólinn er með virka heimasíðu



Ég er ánægð/ur með heimasíðu leikskólans



Sjá athugasemdir frá foreldrum á næstu síðu

Athugasemdir sem þú vilt koma á framfæri:

- *skilgreina þarf „líkamlega umönnun“ áður en ég get svarað
- *hefur ekki verið boðið að koma að gerð einstaklingsnámskrár
- * veit ekki (virk heimasíða)
- * veit ekki (ánægð með heimasíðu)
- *þið standið ykkur frábærlega
- * matseðill mánaðarins mætti vera þarna inni virkur (ánægð með heimasíðu)
- *mætti stundum fara yfir fatnað þegar elstu börnin eru að klæða sig sjálf í útiveru. Stundum hefur vantað peysu innanundir regnfatnað þegar sótt er og rigning úti eða kalt. Svo hefur verið ullarpeysa, úlpa og húfa í sól og hita
- *muna að skýra út fyrir foreldrum í foreldraviðtali (einstaklingsnámskrá)
- *það má samt gera mikið meira með síðuna (virk heimasíða)
- *ánægð með leikskólann, en mætti vera betri heimasíða, virkari myndasíða, fréttabréf í tölvupósti svo maður gæti fylgst betur með góða stafi leikskólans
- *nota mentor.is kerfi grunnskólana, virkar vel til dreifingar á upplýsingum
- *það mætti uppfæra heimasíðuna oftar, samt ánægð með föstudagsbréf, virka jafnvel hvað mig varðar
- *erum mjög ánægð með leikskólastarfið
- *er mjög ánægð
- *við erum mjög ánægð með allt sem kemur að leikskólanum og barnið okkar er mjög ánægt einnig og líður mjög vel hjá ykkur. Starfsfólk allt til fyrirmyndar. Væri gaman að sjá meiri virkni í heimasíðunni og þá sér í lagi hvað myndirnar varðar
- *myndir mættu vera aðgangsstýrðar (ánægð með heimasíðu)
- *frábært starfsfólk
- *varðandi útihurðar, eru bæði þungar og frekar hættulegar, þyrfti að bæta þær eitthvað. Foreldrar jafnvel sleppa þeim og athuga ekki hvort barn sé að koma
- *finnst heimasíðan þyrfti að vera virkari. Ég nota hana mjög mikið til að nálgast upplýsingar sem varða t.d. frí og hvað er framundan. Dæmi: varðar sumarfrí – leitaði í dagatali en ekkert þar